

Ályktun Íbúasamtaka Miðborgar á aðalfundi 27. apríl 2023:

Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) skorar á Reykjavíkurborg að efla sorpþjónustu í miðborginni. Þar er algengt að sjá yfirfullar sorptunnur, t.d. við hinar fjölmörgu Airbnb-íbúðir hverfisins. Því fylgir sjónmengun, sóðaskapur, ólykt, rottugangur og ásókn máva, sem allt veldur gestum og íbúum þungum áhyggjum. Mikilvægt er, að bæta úr þessu ófremdarástandi sem allra fyrst. Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur óska eftir samtali við borgaryfirvöld um skjótar úrbætur.